

Aðalfundur foreldrafélags Gullborgar

13. September 2017

Fundur hófst kl:20.05 og mættir voru:

- 6 foreldrar, þar af einn núverandi fulltrúi úr foreldrafélaginu
- Leikskólastjóri
- Formaður og gjaldkeri núverandi stjórnar foreldrafélagsins

Dagskrá fundar:

1. SKÝRSLA STJÓRNAR
2. REIKNINGAR FÉLAGSINS
3. ÁKVÖRÐUN FÉLAGSGJALDS
4. KOSNING Í STJÓRN, CA. 2 FORELDRAR frá hverri deild
5. KOSNING Í FORELDRARÁÐ Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk
6. LAGABREYTINGAR
7. ÖNNUR MÁL

Fundarefni:

1. Þar sem fundurinn var með heimilislegra móti var ákveðið að ræða ársreikninginn fyrst og koma því frá. Anna Hrefna Ingimundardóttir gjaldkeri stjórnar fór yfir helstu útgjaldaliði. 2 aðilar áttu eftir að innheimta - vegna kaffihúsaferðar Regnbogadeildar og sveitiferð á Hraðastaði. Við teljum þau mál vera fallinn niður sökum hversu langt er liðið frá viðburðunum. Innheimta félagsgjalda var ágæt þótt seint hafi verið farið af stað og var hún um 80%. Gerð var breyting á fyrirkomulagi greiðsluseðla þannig að settur var eindagi á þá svo að hann yrði sjáanlegri í heimabanka. Afgangur af rekstri félagsins er veglegur og höfum við í hyggju að leggja 100.000kr annars vegar til starfsmannafélgasins og hins vegar 100.000kr til skólastarfsins. Verður það fyrsta verk nýrra fulltrúa og stjórnar að taka ákvörðun um það
2. Formaður stjórnar Davíð Freyr Þórunnarson stiklaði á stóru í ársskýrslunni og fór yfir helstu viðburði. Hvernig þeir gengur fyrir sig, hvað var frábært og hvað betur mætti fara. Þar var sérstaklega nefnt sveitiferð á Hraðastaði sem fór úr böndunum vegna tvíbókunar frá staðarhöldurum. Síðan var nefnt að fá foreldra meira inn á leikskólann til að kynna sig og taka þátt í leik og starfi. Rannveig leikskólastjóri var stjórninni til halds og trausts sem ráðgjafi af vettvangi.
3. Það var einróma ákvörðun að halda félagsgjaldi óbreyttu. 3.000kr fyrir áramót og 3.000kr eftir áramót.

4. Ákveðið var að biðja með þennan lið fram á fyrsta fund nýrra fulltrúa í foreldrafélaginu þar sem mæting var dræm. En flestir viðstaddir buðu sig fram sem fulltrúar fyrir hönd deilar barna sinna í nýrri stjórn sem að Anna Hrefna og Sigrún Lóa buðu sig fram til áframhaldandi setu.
5. Þessi liður var einnig geymdur til betri tíma.
6. Engar lagabreytingar voru ræddar.
7. Rannveig tilkynnti á fundinum um fyrirhugaðar breytingar á rýmismálum Gullborgar. Regnbogadeild sem er með aðsetur í hús fyrir ofan Gullborg verður frá og með næsta hausti aðsetur fyrir frístund ÍTR. Þetta verður til þess að Gullborg verður aftur 4 deilda leikskóli og þar af leiðandi verður ekki innritun nýrra barna haustið 2018. Búið er að manna leikskólann að fullu sem er prýðilegt og má Gullborg vel við una miðað við starfsmannaástandið á leikskólum Reykjavíkur. Almennt spjall

Fundi slitið um kl 20.45